

Sameyki
annars vegar
og Faxaflóahafnir sf.
hins vegar
gera með sér svofellt

SAMKOMULAG

um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila.

1. Framlenging gildandi kjarasamnings

Samningsaðilar eru sammála um að kjarasamningar aðila framlengist til og með 30. apríl 2024 með eftirfarandi breytingum.

a. Almenn launahækkun

Hinn 1. september 2023 skulu laun og launataxtar skv. grein 1.1.1. í kjarasamningi aðila hækka um 3,5%. Er það ofan á hækkanir sem komu til framkvæmda 1.1.2023 og 1.4. 2023.

b. Hinn 1. október 2023 greiðist eingreiðsla kr. 225.000 fyrir hvern starfsmann m.v. fullt starf á tímabilinu maí til júní 2023 og hlutfallslega fyrir minna starfshlutfall.

2. Persónuuppbót (desemberuppbót) og orlofsuppbót

Orlofsuppbót verður á samningstímanum sem hér segir:

Á árinu 2023 kr. 56.000


Persónuuppbót (desemberuppbót) verður á samningstímanum sem hér segir:

Á árinu 2023 kr. 119.700




3. Félagsmannasjóður: Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í félagmannasjóð frá 1. september 2023, sem nemur 1,0% af heildarlaunum félagsmanna. Úr sjóðnum er úthlutað til félagsmanna skv. reglum, sem gilda fyrir sjóðinn.

Dags. 26. September 2023.

F.h. Faxaflóahafna sf.
með fyrirvara um samþykki stjórnar


Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri

F.h. Sameyki stéttarfélag
með fyrirvara um samþykki félags
manna.


Þórarinn Eyfjörð, formaður

Sigdís F. Sigþórsd.
Þórunn's mjóla Sigurges þó

Audbjörg Erlingsdóttir